



Leiðsögn
Stéttarfélag leiðsögumanna
Tourist Guide Union

VR

Leiðsögumenn sem starfa sem verktakar

Fimmtudaginn 9. janúar kl. 13-14:30

Miðvikudaginn 15. janúar kl. 20:00-21:30

Námskeið í sal VR á 9 hæð í Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7 og á Teams



Mismunandi vinnuform

- Kjarasamningar gilda fyrir starfsfólk
- Kjarasamningur Leiðsagnar gerir ráð fyrir mismunandi ráðningarformi leiðsögumanna:
 - Ótímabundin eða tímabundin ráðning
 - Verkefnaráðnir leiðsögumenn
- Verktakar
 - Verktakar eru eigin atvinnurekendur, eru í sjálfstæðum rekstri.

Kjarasamningur Leiðsagnar



VR

Bókun um gerviverktöku - 2024

Starfsmenn í skilningi kjarasamnings þessa eru þeir sem ráðnir eru til að gegna störfum undir stjórn atvinnurekenda á umsömdum vinnutíma við úrlausn þeirra verkefna sem atvinnurekandi mælir fyrir um og á hans ábyrgð. Starfsmenn fá greidd laun og njóta annarra réttinda í samræmi við ákvæði kjarasamnings þessa.

Verktakasamningum skal ekki beita í stað ráðningar starfsmanna nema í þeim tilvikum sem starfsemi og verkefni það sem til úrlausnar er fellur í megin atriðum að hugtaksskilyrðum skv. skilgreiningu Skattsins á verktakastarfsemi.

Samningsaðilar skuldbinda sig til þess að fylgjast með því að félagsmenn þeirra hafi samningsákvæði þessi í heiðri og að vinnustaðaeftirlit sem byggir á lögum nr. 42/2010, um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum taki einnig til eftirlits með gerviverktöku.

Verkefnaráðnir leiðsögumenn



VR

- Ein ferð, dagsferð eða langferð.
- Ef verkefnaráðning er samfelld í 6 mánuði í hálfu starfi eða meira á starfsfólk rétt á tímabundinni eða ótímabundinni ráðningu **ef það óskar þess.**
- Laun hverrar ferðar eru reiknuð sem stakt verkefni og óháð heildarvinnutíma mánaðar.
- Brottfall ferða:
 - Dagsferð, innan 24 tíma, ber að greiða ferðina að fullu.
 - Langferð, a.m.k. 5 sólahringum fyrir brottför.
 - Ferðaskrifstofum heimilt að bjóða sambærilega ferð á sínum vegum eða annarra á umsömdum ferðatíma.

Skilgreining skattsins



VR

Atvinnurekandi er sá sem stundar sjálfstæða starfsemi með reglubundnum hætti að nokkru umfangi og í þeim tilgangi að hagnast. Taki hann að sér, gegn endurgjaldi, að vinna eða annast um tiltekið verk fyrir annan aðila, verkkaupa, og ábyrgist árangur verksins telst hann **verktaki**. Verktakar geta bæði verið félög og menn.

Ríkisskattstjóri getur skorið úr um það í **skattalegu tilliti** hvort um sé að ræða launamann eða verktaka, **mörkin eru ekki allaf skýr**.

Ríkisskattstjóri getur hafnað umsókn um virðisaukaskattsnúmer með vísan í að umsækjandi sé starfsmaður þrátt fyrir samning um verktakagreiðslur.

Ríkisskattstjóri getur metið starfssamband eftir á og fært skattskil úr skilum rekstraraðila í skil launamanns með tilheyrandi endurákvörðun skatta auk viðurlaga.

Einstaklingur í sjálfstæðri starfsemi (verktaki) er bæði í hlutverki atvinnurekanda og starfsmanns í skattalegu tilliti. Óháð því hvort hann starfi einn í rekstrinum eða ekki.



Launafólk er ráðið til starfa hjá atvinnurekanda þar sem það vinnur undir stjórn hans, á ábyrgð hans gegn greiðslu launa.

- Fara að fyrirmælum atvinnurekanda
- Hlýðniskylda - mætingaskylda
- Fá frá atvinnurekanda öll tæki og tól
- Atvinnurekandi ber alla ábyrgð
- Persónulegt vinnusamband – á meðan á verkefnaráðningu stendur
- Tryggður af Ábyrgðasjóði launa, útistandandi laun eru forgangskröfur í þrotabú
- Innheimta útistandandi krafna framkvæmd af stéttarfélagi
- Réttindi tryggð í kjarasamningum
 - Veikindaréttur
 - Orlofsréttur
 - Uppsagnarfrestur
 - Tryggingar

Einkenni verktaka



VR

Verktakar taka að sér að vinna ákveðið verk fyrir fram ákveðið verð fyrir verkkaupa.

- **þarf að vera skriflegur samningur**
- Vinna verk á eigin ábyrgð
- Ráða hvenær verkið er unnið – skv. samningi
- Stjórna verkinu sjálfir
- Ráða hverjir framkvæma verkið
- Leggja til verkfæri og tæki til framkvæmdar verks
- Greiða sjálfir skatta/vsk og öll gjöld af vinnu sinni
- Þarf að tryggja sig sjálfur
- Taka ábyrgð á verkinu – skaðabótaskyldir
 - Gagnvart tjóni er hlýst af vinnu verksins
 - Gagnvart verkinu sjálfu

Áhætta launafólks af verktöku



VR

- Ekki tryggður af Ábyrgðasjóði launa
- Krafa nýtur ekki forgangs í þrotabú
- Nýtur ekki veikindaréttar
- Nýtur ekki réttis til uppsagnarfrests
- Nýtur ekki orlofsréttar
- Getur orðið skaðabótaskyldur vegna vinnunnar
- Þarf að tryggja sig sjálfur
 - Eigið tjón
 - Tjón vegna framkvæmdar vinnu



- Ferðasöluaðili getur borið ábyrgð gagnvart tjóni sem verður í ferðum.
- Atvinnurekandi ber ábyrgð á störfum síns starfsfólks.
 - Leiðsögumaður sem launþegi ber því ekki persónulega ábyrgð á tjóni sem getur hlöðist vegna leiðsagnar. Undantekning ef um ásetning er að ræða.
- Leiðsögumaður sem verktaki hjá ferðasöluaðila getur borið persónulega ábyrgð
- Almenna skaðabótareglan
 - Sá sem veldur manni tjóni með sagnæmum og ólögumætum hætti og er sennileg afleiðing af hegðun hans.
 - Les ekki aðstæður rétt – veður – veðurútlit - færð - ómöguleiki
 - Les ekki hópinn rétt - augljóst að einhverjir hafa ekki burði til að ljúka ferð
 - Byggist á þekkingu og reynslu leiðsögumanns.

Gerviverktaka?



VR

Þegar ráðningarsamband milli einstaklings og atvinnurekanda er fært í verktakasamning, jafnvel þótt eðli starfsins og aðstæður bendi til þess að um hefðbundið ráðningarform sé að ræða.

Þetta er gert til að komast hjá þeim skyldum sem fylgja því að ráða launamann sem nýtur réttinda skv. kjarasamningum.

Gerviverktaka getur einnig falið í sér skatta- og lagabrot þar sem atvinnurekandi reynir að komast hjá skyldum sínum.

Gerviverktaka getur verið ólöglegt og haft neikvæðar afleiðingar fyrir starfsfólk og fyrir samfélagið.

Neikvæðar afleiðingar gerviverktöku



VR

Fyrir starfsfólk:

- Missir réttindi sem kjarasamningar tryggja, t.d. veikindarétt, orlofsrétt og launatryggingar.
- Engar tryggingar eða lífeyrissjóðsgreiðslur sem tryggja öryggi til framtíðar.
- Óöryggi varðandi skattamál ef samkomulagið er ekki rétt skráð.

Fyrir samfélagið:

- Veldur skerðingu á skatttekjum, þar sem launatengd gjöld eru ekki greidd.
- Dregur úr jafnræði á vinnumarkaði, þar sem launafólk og verktakar fá ekki sömu kjör fyrir sömu vinnu.

Hvað er metið í dómum



VR

Dómur: H 3/1987

Smiður samdi um tímakaup og persónulegt vinnuframlag - talið að um vinnusamband væri að ræða.

Dómur: H 225/1997

Ritstjóri á tímariti. Persónulegt vinnuframlag - fastur vinnutími – á starfsstöð atvinnurekanda - var stjórnandi á vinnustaðnum - gerði reikning fyrir vinnu. Þó svo að hann hafi gert reikning fyrir vinnu sinni þá var það eitt og sér ekki nægilegt til að skilgreina hann sem verktaka – dæmd launakrafa.

Dómur: H286/1998

Skattyfirvöld endurákvörðuðu opinber gjöld H á þeim grundvelli að G, sem starfað hafði hjá honum, hefði verið launþegi hans en ekki verktaki. Ekki var fram komið að G hefði á þeim tíma, sem um ræddi, unnið í þágu annarra en H. Hann hafði fengið greitt tímakaup, þar sem greint var á milli dagvinnu og yfirvinnu, innt af hendi þau verk sem til féllu, verið undir stjórn H og ekki haft afnot af eigin starfstöð. Þótti samband þeirra hafa haft slík einkenni vinnusamnings, að líta yrði á greiðslur H til G sem laun. Var því staðfestur dómur héraðsdóms, þar sem kröfum H um ógildingu og breytingu ákvarðana skattyfirvalda var hafnað.

Hæstiréttur: 58/2002

K krafðist þess að krafa, sem hún lýsti við gjaldprotaskipti á þrotabúi G hf., yrði viðurkennd sem forgangskrafa samkvæmt 1. tölulið 1. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldprotaskipti o.fl. Í málinu var upplýst að K hafði **ráðið sig til starfa hjá G hf. sem verktaki og að henni hafði frá upphafi verið ljóst að hún nyti hvorki orlofsréttinda né launa í veikindaforföllum. Þá var upplýst að K hafði staðið skattyfirvöldum skil á staðgreiðslu skatta og virðisaukaskatti sem verktaki og í einhverjum mæli dregið starfstengdan kostnað frá tekjum.** Var því talið að K hefði ávallt verið ljóst, að G hf. hefði ráðið hana til starfa sem verktaka og litið á hana sem slíka, og að hún hefði sætt sig við það fyrirkomulag. Með vísan til þessa þótti ekki unnt að viðurkenna kröfu hennar sem forgangskröfu í þrotabúi G hf.

Rekstrarfyrirkomulag og skattur



- Verktakar geta bæði verið félög (lögaðilar) og menn.
- Verktakar í rekstri á eigin kennitölu (einstaklingsrekstri) eða með kennitölu í rekstri og eru þá starfsmenn hjá þeirri kennitölu, þá eru þeir í sjálfstæðri starfsemi.
- Störf leiðsögumanna sem starfa sem verktakar er virðisaukaskattskyld, [sjá nánar bls. 4](#)
 - Leiðsögumenn sem bjóða upp á þjónustu sína til ferðamanna, ferðaskrifstofa eða annarra fyrirtækja, þurfa að skrá sig í virðisaukaskattsskrá ef velta þeirra fer yfir skráningarskyldumörk.
 - Skráningarskyld mörk eru 2.000.000 kr. á hverju almanaksári.
 - 11% VSK ef um er að ræða eingöngu leiðsögn
 - 24% VSK ef um er að ræða akstur og leiðsögn
- Öll störf eru tekjuskattsskyld
 - Nýta persónuafslátt á móti tekjuskatti

Reiknað endurgjald



VR

- Margt þarf að hafa í huga og því getur verið gott að hafa samband við bókara eða endurskoðanda til að tryggja rétta skráningu á öllum skattaskilum.
- Verktaki þarf að:
 - Færa bókhald
 - Tilkynna sig á skrá hjá ríkisskattstjóra
 - Standa skil á launatengdum gjöldum og sköttum – farið sérstaklega yfir á eftir
 - Standa skil á virðisaukaskattskýrslu á reglulegu tímabili
 - Gæta þess að tekjuskráning sé fullnægjandi – útgáfa sölureikninga
 - Gera upp reksturinn og skila niðurstöðum með skattframtali og til þess gerðum fylgiskjölum
 - Skila launa- og verktakamiðum
 - Vita og þekkja kostnaðinn af starfseminni og hver á að bera hann
 - Reikna endurgjald þannig að það sé í samræmi við áhættu, vinnuframlag og kostnað

Reiknað endurgjald



Launamaður

Verktaki

1% Gjald til stéttarfélags	1,25%	Sjúkrasjóður	10,17%	Orlof, að lágmarki
4% Lífeyrissjóður	0,25%	Endurmenntunarsjóður	2,8%	Veikindaréttur
2-4% Séreignarsparnaður	0,10%	Starfsendurhæfingarsjóður	103 kr.	Á tímann desember og orlofsuppbót
Tekjuskattur	11,5%	Iðgjald til lífeyrissjóðs	4%	Lögbundnir frídagar
	2%	Iðgjald til séreignarlífeyrissjóðs	0,9%	Áhöld og tæki, einskiptiskostnaður
	6,35%	Tryggingagjald	2.500 kr.	Almenn ábyrgðatrygging á mán. ca. 30.000 kr. Bókhald og innheimta á mán. ca. 1.000 kr. Slysatrygging launþega á mán.
			x	Dagpeningar
			x	Rekstur bifreiðar
			x	Annar kostnaður

Ef tekjur umfram 2 milljónir á ári:

11% VSK (leiðsögumaður)

24% VSK (ökuleiðsögumaður)

Lágmarkslaun 3. flokkur e. 5 ár



Ferðaráðinn leiðsögumaður

Dagsferð á virkum degi

9 tímar 37.065 kr.

Verktaki 50.484 kr. (53,3%)

Dagsferð um helgi

9 tímar 55.714 kr.

Verktaki 75.128 kr. (50,7%)

Ökuleiðsögumaður

Dagsferð á virkum degi

9 tímar 55.204 kr.

Verktaki 74.453 kr. (50,7%)

Dagsferð um helgi

9 tímar 83.189 kr.

Verktaki 111.435 kr. (49%)

Verktaki þarf að bæta við 11% eða 24% VSK ef heildarupphæð fer umfram 2.000.000 kr.

Skoða nánar upplýsingabækling Skattsins.

Lágmarkslaun 3. flokkur e. 5 ár



Laun		74.808	
Orlof	10,17%	7.608	83.189 m/orlofi og uppþ.
Lögbundnir frídagar	4,61%	3452,146	
Desember og orlofsuppbót		773	
		<u>86.641</u>	
Lífeyrissjóður mótframlag	11,50%	9.964	
Lífeyrissjóður séreign mótframlag	2,00%	1.733	
		<u>11.697</u>	
Samtals stofn til tryggingasj.		98.338	
Tryggingagjald	6,35%	6.244	
Sjúkra, orlofs og endurm	1,60%	1.386	
Samtals launakostnaður		105.968	
Beinn launatengdur kostnaður	41,65%		
Kostnaður vegna veikinda	2,8%	2.967	
Kostnaður við bókhald og innh.	1,3%	1.384	30.000 kr.
Slysatrygging launamanns	0,04%	46	1.000 kr.
Almenn ábyrgðatrygging	0,11%	115	2.500 kr.
Tæki og áhöld	0,9%	954	
Heildarkostnaður		111.435	49,0%

Hér er miðað við lágmarkslaun ökuleiðsögumanns.

Um er að ræða 9 tíma ferð um helgi.

Ítarefni



VR

Leiðbeiningar um virðisaukaskatt. [Bæklingur frá RSK](#)

Það sem hafa verður í huga við að hefja rekstur...

<https://www.skatturinn.is/atvinnurekstur/ad-hefja-rekstur/stofna-rekstur/>

<https://www.skatturinn.is/atvinnurekstur/stadgreidsla-og-reiknad-endurgjald/reiknad-endurgjald/2025>

Verktaka ber að reikna sér laun. Sérstakar reglur gilda um þau lágmarkslaun sem honum ber að reikna sér skv. Skattinum. Reglurnar eru gefnar út á hverju ári. Þar sem hann á að reikna sér laun ber honum að skrá sig á launagreiðendaskrá.

Lágmarksupphæð ársins 2025 er 632.000 kr. skv. flokk B9 ef aðili hefur ekki verið verktaki áður og fyrir fyrsta árið. Eftir það er miðað við flokk B5 866.000 kr.

<https://www.vr.is/kjaramal/sjalfstaett-starfandi/>

Spurningar



VR





Leiðsögn
Stéttarfélag leiðsögumanna
Tourist Guide Union



VR

Takk fyrir og gangi ykkur vel!